

D Ó M S Á T T:

Lögð fram í héraðsdómsmálinu E...../2018 þann 12. desember 2018.

Með úrskurði uppkveðnum 23. október 2014, felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úr gildi byggingarleyfi stefnanda fyrir bílskúr að Öldutúni 4 í Hafnarfirði. Í framhaldi af þeirri niðurstöðu hefur embætti skipulags- og byggingarfulltrúa stefnda (nú skipulagsfulltrúi), unnið að lausn málsins. Hefur verið við það miðað að deiliskipulagi umrædds svæðis verði breytt á þá leið að unnt verði að veita umrætt byggingarleyfi að nýju, eftir atvikum með einhverjum minni háttar breytingum sem gerðar verða í samráði við stefnanda og að teknu tilliti til athugasemda nágranna sem kann að þurfa taka tillit til.

Með hliðsjón af framangreindu höfum við undirritaðir, Þráinn Gunnarsson, kt. 130873-2949, (stefnandi) með lögheimili að Öldutúni 4, Hafnarfirði og Hafnarfjarðarkaupstaður, (stefndi) kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði, ákveðið að gera með okkur eftirfarandi sátt:

1. Stefndi mun strax hefja ferli við breytingu á deiliskipulagi svo unnt verði að veita stefnanda sama eða sambærilegt byggingarleyfi fyrir bílskúr á ný, og mun stefndi koma til móts við væntingar stefnanda um stærð og gerð bílskúrs að teknu tilliti til gildandi laga og reglna og hugsanlegra athugasemda frá nágrönnum. ~~Stefnandi~~ *Stefndi* lofar að hraða meðferð málsins eftir fremsta megni
2. Þegar breyting á deiliskipulagi hefur verið samþykkt, gefur stefndi út byggingarleyfi fyrir nýjum bílskúr sem yrði í samræmi við gildandi deiliskipulag lóðar stefnanda.
3. Stefndi greiðir eðlilegan kostnað vegna gerðar nýs deiliskipulags, s.s. teikningavinnu ofl.
4. Stefndi viðurkennir að fyrning hugsanlegra fébótakrafna stefnanda á hendur stefnda vegna ógildingar byggingarleyfisins, hafi verið slitið með höfðun máls þessa þann 19. október 2018.
5. Stefndi greiðir málskostnað stefnanda kr. 460.000.- auk vsk og kr. 30.000 vegna þingfestingar sem og þegar áfallinn lögmannskostnað stefnanda vegna ráðgjafar Hjalta Steinþórssonar hrl. við fyrri meðferð málsins kr. 407.026.-.

Dómsáttinni til staðfestingar rita aðilar nöfn sín.

F.h. stefnanda


f.h. Þráins Gunnarssonar

F.h. stefnda


f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

DÓMSÁTT

gerð í Héraðsdómi Reykjaness

12 /12 2018 í málinu nr. Σ-1044/2018

